

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. júní 2023 breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. júní 2023.

Í breytingunni felst að skilgreind er íbúðarbyggð (Í25) á nýrri landfyllingu norðan Skutulsfjarðareyrar, útivistarsvæði (Ú17) er stækkað og gert er ráð fyrir hreinsistöð fráveitu (I45) á svæðinu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. júní 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. júlí 2023